

Fundargerð

11. fundur

Fimmtudaginn 28. ágúst kom hafnarnefnd Langanesbyggðar saman til fundar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn kl. 16.30.

Mættir. Aðalbjörn Arnarsson, Áki Guðmundsson og Friðrik Jónsson. Einnig sátu fundinn þeir Björn Ingimarsson, sveitarstjóri og Steinn Karlsson, hafnarvörður.

Varaformaður bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá fundarins.

Dagskrá.

1. Mál. Endurvigtunarleyfi Toppfisks á Bakkafirði.

Staðfest niðurstaða símafundar hafnarnefndar dags. 09.04.08 um að mæla með veitingu endurvigtunarleyfis vegna starfsemi Toppfisks á Bakkafirði.

2. Mál. Staða framkvæmda og fjármögnun.

Sveitarstjóri og hafnarvörður gerðu grein fyrir stöðu framkvæmda. Fram kom m.a. að verkhlutanum „Bryggjurif og dýpkun“ er áætlað að ljúka í lok viku 36. Samkvæmt tilboði Hagtaks hf, nemur kostnaður í heild kr. 43.550.220,-, eða um 78% af áætlun og hluti hafnarinnar kr. 10.9895.055,- sem fjármagnaður hefur verið af sveitarsjóði. Einhver viðbótarkostnaður mun fyrirsjáanlega falla á verkið m.a. vegna meira dýpis við þil en upphaflega var gert ráð fyrir. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir við rekstur stálpils hefjist um miðjan september en kostnaður við verkið munu vera um 140 millj. kr. og mun verktakafyrirtækið Íslenska gámafélagið ehf annast framkvæmdina. Samþykkt að heimila skammtímalántöku vegna efniskaupa allt að 30 millj. kr. Sveitarstjóra falið að annast lántökuna. Hlutur hafnarinnar vegna framkvæmdarinnar mun vera um 35. millj. kr.

3. Mál. Siglingastofnun – Bráðabirgðaákvæði um verðbætur í útboðum hafnarframkvæmda.

Lagt fram erindi frá Siglingastofnun um tímabundnar verðbætur varðandi verk með umsömdum verklokum eftir 1. júní 2008 og sem eru ekki með umsömdum verðbótum. Ákvörðun gildir til loka árs 2008 og verðbætur ná til reikninga sem eru dagsettir eftir júní 2008. Hafnarnefnd samþykkir samhljóða framlagða tillögu.

4. Mál. Ísfélag Vestmannaeyja – aflagjöld.

Samþykkt að taka erindið til afgreiðslu í tengslum við gerð fjárhagsáætlunnar 2009.

5. Mál. Önnur mál.

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slötið kl. 17.25

Björn Ingimarsson, ritari.